

FUNDARGERÐ

Árið 2021, fimmtudaginn 28. október kl. 11:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fjarfundar.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Karen E. Halldórsdóttir og Margrét Þórarinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Hrafnkatli Hjörleifssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni og Gústav Aron Gústavssyni sem ritaði fundargerð.

Daníel Jakobsson og Stefán Vagn Stefánsson boðuðu forföll.

Björn Ingi Óskarsson lögfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu sat einnig fundinn.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Reglugerðabreyting

Tekjujöfnunarframlög

Lögð var fram til umfjöllunar og kynningar breyting á reglugerð nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, ásamt minnisblaði Jöfnunarsjóðs til ráðherra og ráðuneytissjóra, minnisblaði um athugasemdir á Samráðsgátt og minnisblaði frá Andra Árnasyni lögmanni.

Ráðherra skrifaði undir breytingu á reglugerð nr. 1088/2018 sem svo hljóðar:

Við 4. mgr. 13. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ef samanlagður mismunur allra sveitarfélaga nemur hærrí fjárhæð en fjármagn til ráðstöfunar samkvæmt greiðsluáætlun yfirstandandi árs, skal aðlaga framlögin að fjármagni til ráðstöfunar með hlutfallsreikningi.

Markmiðið með breytingunni er að fjölga sveitarfélögum sem fá tekjujöfnunarframlög og jafnframt leiðir breytingin til frekari tekjujöfnunar sveitarfélaga. Drög að breytingu á reglugerð voru til umsagnar í Samráðsgátt stjórnvalda frá 6. til 20. október sl. og bárust 6 umsagnir sem farið var yfir í minnisblaði. Jafnframt kom álit frá Andra Árnasyni lögmanni sem telur að breytingin sé í betra samræmi við lögina og að ekki skorti lagastoð fyrir breytingunni. Með hliðsjón af þessum gögnum undirritaði ráðherra undir breytingu á reglugerð nr. 1088/2018 þann 27. október sl. sem öðlast þegar gildi.

Nefndin gerði ekki athugasemdir við breytingar á reglugerðinni og samþykkti að reglugerðin yrði birt í Stjórnartíðindum. Einn nefndarmaður var á móti og var með bókun við afgreiðslu málsins sem má sjá hér að neðan.

Nefndarmaðurinn Birgir B. Sigursjónsson bókaði eftirfarandi:

Ég tel að fyrirliggjandi tillaga um breytingu á reglugerð nr. 1088/2018 eigi sér ekki lagastoð enda felur hún í sér breytingar á skiptingu framlaga milli sveitarfélaga. Ég er ekki með þessu að taka efnislega afstöðu til tillögunnar en tel að dómur HRD í máli nr. 35/2018 sýni að

reglugerðir verða að eiga sér lagastoð. Þess vegna voru sett lög nr. 157/2019 til að tryggja lagastoð reglugerða. Vísa að öðru leyti í umsögn Reykjavíkurborgar á samráðsgáttinni.

2. Tekjujöfnunarframlög 2021

Drög að úthlutun framlags

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun tekjujöfnunarframlaga 2021 ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 28. október 2021. Jafnframt var gerð tillaga um að hækka framlagið um 150 m.kr.

Framlögum er ætlað að jafna tekjur sambærilegra sveitarfélaga á grundvelli hámarkstekjumöguleika þeirra. Sambærileg sveitarfélög eru talin vera:

- a. Sveitarfélög með 70.000 íbúa eða fleiri
- b. Sveitarfélög með 12.000 íbúa – 69.999
- c. Sveitarfélög með 300 – 11.999 íbúa
- d. Sveitarfélög með færri en 300 íbúa

Við útreikning framlaganna er tekið mið af íbúafjölda sveitarfélaga 1. janúar 2021, hámarksálagningu útsvars að frádreginni hlutdeild Jöfnunarsjóðs í útsvarsstofni, hámarksálagningu fasteignaskatts á grundvelli fasteignamats og úthlutun framlags til sveitarfélaga vegna jöfnunar á tekjutapi í kjölfar breytinga á álagningarstofni fasteignaskatts.

Þá eru tekjur sveitarfélaga af meiri háttar fasteignaskattsálagningu og framleiðslugjöldum teknar með í útreikningi á meðaltekjum viðkomandi sveitarfélaga en ekki viðmiðunartekjum í útreikningi viðmiðunartekna í viðkomandi flokki. Jafnframt er sveitarfélögum þar sem tekjur eða íbúafjöldi hafa veruleg áhrif á niðurstöðu innan viðmiðunarflokks sleppt við útreikning meðaltals. Einnig eru sveitarfélög með færri en 300 íbúa borin saman við meðaltekjur í flokki sveitarfélaga með 300–11.999 íbúa enda búi a.m.k. 2/3 hlutar íbúa sveitarfélags í þéttbýli.

Einungis kemur til úthlutunar og greiðslu framlags hafi sveitarfélag fullnýtt heimild sína til álagningar útsvars.

Að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns sjóðsins eru framlögin aðlöguð með hlutfallsreikningi í samræmi við breytingu á reglugerð nr. 1088/2018 sem samþykkt var 27. október sl.

Áætlað er að tekjujöfnunarframlag 2021 nemi 1.250 m.kr. en gerð er tillaga um að hækka framlagið um 150 m.kr. og nemur þá framlagið samtals 1.400 m.kr. Gert er ráð fyrir að ¾ hlutar framlagsins komi til greiðslu í október en fjórðungur þess komi til greiðslu í árslok á grundvelli leiðréttrar skrár um álagðar skatttekjur sveitarfélaga.

Eftir umræðu nefndarinnar var áætlunin samþykkt og jafnframt var tillaga um að hækka framlagið samþykkt og nemur þá heildarframlagið 1.400 m.kr. á árinu 2021. Einn nefndarmaður sat hjá við afgreiðslu málsins.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:30.

Guðný Sverrisdóttir

Ásta Stefánsdóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Margrét Þórarinsdóttir

Karen E. Halldórsdóttir